

## VERÐTILFÆRSLUSJÓÐUR SAM 2008

Rekstur og starfsemi verðtilfærslu milli mjólkurvara er tvískipt. Annars vegar er lögbundin verðtilfærsla samkvæmt lögum nr. 99/1993 og hins vegar verðtilfærsla SAM. Lögbundin verðtilfærsla er í forsjá Bændasamtakanna og er gerður sérstakur ársreikningur vegna hennar. Framkvæmd og fjárreiður lögbundins verðtilfærslusjóðs er í höndum SAM samkvæmt verkaskiptasamningi sem gerður var milli BÍ og SAM, en sú ráðstöfun byggir á heimildum laga. Verðtilfærsla SAM er hins vegar í forsjá SAM og því með í ársreikningi SAM og er fjallað nánar um hana hér.

Í verðtilfærslusjóð SAM eru innheimt vörutengd gjöld af sýrðum vörum (jógúrt og skyldum vörum), rjóma, sérostum og nýmjólkurdufti. Greitt var úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, skólalett mjólk, iðnaðarrjóma, skyri, smjörva, léttviðbiti, mögrum ostum (Gouda 17%, Mozzarella og Gouda 11%), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er yfirlit yfir inn- og útgreiðslur úr verðtilfærslusjóði SAM árin 2008 og 2007:

	2008	%	2007	%
<b>Inngreiðslur:</b>				
Yfirfært frá fyrra ári	72.601.042	18,99%	75.408.333	19,11%
Innheimt verðtilfærsla	309.762.622	81,01%	319.214.951	80,89%
<b>Samtals til ráðstöfunar</b>	<b>382.363.644</b>	<b>100,00%</b>	<b>394.623.284</b>	<b>100,00%</b>
<b>Útgreiðslur:</b>				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	162.955.709	51,04%	172.820.703	53,67%
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	127.973.244	40,08%	116.293.730	36,11%
Niðurgreiðsla iðnaðarrjóma	23.694.037	7,42%	28.120.947	8,73%
Annað	4.641.411	1,45%	4.786.861	1,49%
<b>Samtals ráðstafað</b>	<b>319.264.401</b>	<b>100,00%</b>	<b>322.022.242</b>	<b>100,00%</b>
<b>Afgangur/(-vöntun) fært til næsta árs</b>	<b>63.099.263</b>		<b>72.601.042</b>	

Velta verðtilfærslusjóðs SAM var nokkuð minni árið 2008 en árið 2007 vegna minni sölu á vörum sem greiða til sjóðsins. Útgjöld sjóðsins voru um 9,5 milljónum króna hærrí en tekjur hans. Afgangur í lok árs 2008 nam um 63,1 milljónum króna.